

Ár 1980, þriðjudaginn 12. febrúar, var í málinu nr. 8/1979 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að hinn 14. mars 1978 kærði eigandi fasteignarinnar nr. 10 við Lækjargötu í Reykjavík út af því til Fasteignamats ríkisins, að fasteignamat eignar þessarar væri of hátt. Kæran var ítrekuð með bréfi frá 8. nóvember 1978, en henni var síðan hafnað með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 2. janúar 1979. Kærandi unir ekki úrskurði þessum og hefur skotið málinu til Yfirfasteignamatsnefndar.


Samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1978, var húsið að Lækjargötu 10 metið á kr. 11.276.000.- Húsið er hlaðið, byggt 1880, og er samtals 728 m³ að stærð. Það er tvílyft íbúðarhús og lóð þess er 193.8 m² að stærð. Lóðin var í nefndri fasteignamatsskrá metin á kr. 48.677.000.-

Á fundi með Yfirfasteignamatsnefnd hinn 18. desember 1979 gerðu umboðsmaður kæranda og umboðsmaður Reykjavíkurborgar munnlega grein fyrir sjónarmiðum þessara aðila í máli þessu.


Ekki verður fallist á, að mat hússins að Lækjargötu 10 sé of hátt, miðað við núverandi notkun. Lóð hússins er verðmæt legu sinnar vegna. Hagkvæmustu nýtingu hennar verður hins vegar ekki komið við, nema húsið verði rifið og nýtt byggt. Með hliðsjón af þessu og að stöðu lóðarinnar að þessu leyti og í byggingar- og skipulagslegu tilliti telst matsverð hennar hæfilega ákveðið kr. 29.000.000.- í fasteignamati því, er tók gildi 1. desember 1978, og kr. 44.950.000.- í mati því, sem gekk í gildi 1. desember 1979.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Matsverð lóðarinnar nr. 10 við Lækjargötu í Reykjavík ákveðst kr. 29.000.000.- í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1978, og kr. 44.950.000.- í fasteignamati því, sem gekk í gildi 1. desember 1979. Að öðru leyti standi fasteignamat umræddrar eignar óbreytt.


Gaukur Jörundsson


Guðmundur Magnússon


Pétur Stefánsson